



Menningar- og íþróttasvið

Reykjavík, 4. júní 2026

MSS26060011

hsg

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 2.6.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um stofnun menningarráðs

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að stofna menningarráð. Ráðið fer með menningarmál eins og þau eru skilgreind í gildandi samþykkt menningar- og íþróttaráðs Reykjavíkurborgar. Um er að ræða fastanefnd í flokki I samkvæmt samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg og er skipuð fimm fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Forsætisnefnd er falið að vinna samþykkt fyrir ráðið, í samráði við menningar- og íþróttasvið, sem skal lögð fram til afgreiðslu á fyrsta fundi borgarstjórnar í september. Ráðið starfar samkvæmt samþykkt menningar- og íþróttaráðs þar til ný samþykkt liggur fyrir.

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Miðflokksins, Vinstrisins og Sócialistaflokks Íslands:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að breyta fjölda fulltrúa í menningarráði úr fimm í sjö og jafnmarga til vara.

Breytingartillagan er samþykkt.

Tillaga um stofnun menningarráðs er samþykkt.

Borgarfulltrúi Vinstrisins, Sanna Magdalena Mörtudóttir, situr hjá við afgreiðslu málsins.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Samrit:

Forsætisnefnd



Reykjavík

